

75
30. júní. — *Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um brennivínsgjald og tóbakstoll.* — Ráðgjafinn hefir 26. f. m. ritað mjer á þessa leið:

«Með þóknanlegu brjefi dags. 25. f. m. hafid þjer, herra landshöfðingi, sent hing- að bænarskjal, þar sem Zimsen, verzlunarstjóri í Hafnarfirði, fer þess á leit, að brennivínsgjaldi því fyrir áfenga drykki, aðflutta með skipinu Draxholm, er kom til Reykjavíkur 15. f. m., sem af honum hefir verið heimtað samkvæmt lögnum frá 11. febr. þ. á., er þá voru þegar búin að fá þar gildi, verði skilað sjer aptur, að svo miklu leyti sem það fer fram úr því, sem hann væri skyldur að greiða samkvæmt tilsk. 26. febr. 1872, með því að áminnst skip hafi verið ætlað til Hafnarfjarðar, þar sem ekki var búid að þinglýsa lögnum frá 11. febr. þ. á. og nýnefnd tilsk. 26. febr. 1872 var því enn í gildi að öllu leyti, og það hafi ekki heldur farið að afferma fyr en þangað var komið, þótt það kæmi fyrst við í Reykjavík og keypti sjer þar sjóleiðarbrjef. Í brjefi dags. 3. þ. m. hafid þjer auk þess skýrt frá, að bæjarfógetinn í Reykjavík og sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu hafi ritað yður fyrirspurn um það, hvernig fara skuli að út af því, að áminnst lög frá 11. febr. þ. á. og lög með sömu dagsetningu um gjald á tóbaki sjeu gildi í Reykjavík, en ekki búin að fá gildi annarstaðar á landinu, af því að þar sje ekki búid að þinglýsa þeim, og var sú fyrirspurn sprottin út af því, að skipið Waldemar, sem var með vörur, þar á meðal áfenga drykki, bæði til Reykjavíkur og til Hafnarfjarðar, sneri við á leiðinni inn til Reykjavíkur og hjelt til Hafnarfjarðar, að líkindum eptir vísbendingu um mun þann, er væri á lögnum um brennivínsgjaldið í Reykjavík og í Hafnarfirði, sýndi þar skjöl sín, keypti sjer sjóleiðarbrjef í Reykjavík og fór síðan að afferma; segizt þjer þá hafa kennt þessum embættismanni þá reglu, að skip, sem kemur með vörur, sem eingöngu eiga að fara til Reykjavíkur, geti ekki skotið sjer undan að greiða toll af brennivíni eptir lögum þeim, er gilda í Reykjavík, með því að koma áður við á einhverri höfn í áminnstri sýslu og láta fyrir síða sakir (*pro forma*) taka þar við skjólum sínum, og að sama reglu hljóti samkvæmt 2. grein í tilsk. 26. febr. 1872 að eiga við um þau skip, er að vísu hafa farm bæði til Reykjavíkur og til einhverra hafna í sýslunni, en hafa ekki sjóleiðarbrjef með sjer, með því að slík skip verði að kaupa sjer sjóleiðarbrjef í Reykjavík, áður en þeim er leyft að afferma, og þá verði þau að sýna skjöl sín bæjarfógetanum þar. En að því er aptur á móti snertir aðflutningsgjaldið á tóbaki, hafid þjer haldið, að sá tollur verði eigi tekinn annarstaðar en þar sem tóbakið er flutt að landi, af því að lögin frá 11. febr. hafa ekki neina reglu á borð við þá í 2. gr. í tilsk. 26. febr. 1872 um að greiða gjaldið fyrir allan farminn í einu, — þó því að eins, svo sem vitaskuld er, að lögin sjeu búin að öðlast gildi þar. En til þess að bæta úr því, að sín eru lögin á hverjum staðnum, en sá munur er risinn af innibaldi brennivínsgjaldslaganna ásamt reglum um þinglestur þeirra, hafid þjer lagt það til, að áminnst fyrirmæli um greiðslu brennivínsgjaldsins yrðu þýdd á þann veg, að gjaldið greiðist að vísu að fullu þar, sem skipið sýnir skjöl sín, en að stærð gjaldsins sje reiknuð eptir lögnum þar, sem vörurnar eiga að fara í land.

Út af þessu skal þjónustusamlega tjáð það, er nú skal greina, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

Samkvæmt 8. grein í lögum frá 15. apríl 1854 á hvert skip að sýna skjöl sín og láta rannsaka þau og rita á þau (þ. e. «indklarere») þar, sem það kemur fyrst, og að því leyti stendur ekki á neinu, hvort skipið hefir með sjer íslenskt sjóleiðarbrjef eða ekki; skipið má að eins ekki fara að verzla neitt fyrir en það er búid að kaupa sjer slíkt sjóleiðarbrjef, og er afhending þess hvorki á Íslandi nje hjer bundin því skilyrði, að skjöl þau, sem getið er um í 8. grein áminnstrar tilskipunar, sjeu sýnd og rannsökuð. Þá verð-

ur og eigi, að því er ráðgjafanum virðist, neitt skipt sjer af því, er skipið sýnir skilríki sín, þótt nokkuð af farminum eigi að fara á aðra höfn en skipið hefir fyrst leitað inn á, með því að í 2. grein í tilskip. 26. febr. 1872 er svo fyrir mælt með berum orðum, að þótt ekkert sje affermt á þeim stað, sem skipið sýnir fyrst skjöl sín, og allur farmurinn eigi að fara á aðra eða aðrar hafnir, eigi að greiða lögreglustjóranum þar gjaldið af öllum áfengum drykkjum, sem skipið hefir meðferðis, áður en skipaskjölunum er skilað aptur. Eptir þessum reglum á þá að greiða af skipinu Draxholm, sem hefir sýnt skjöl sín fyrst í Reykjavík, gjald samkvæmt lögum frá 11. febr. þ. á. af öllu því, sem það hafði meðferðis af áfengum drykkjum, eins og þjer, herra landshöfðingi, hafði sagt, þótt nokkuð af því ætti að fara til Hafnarfjarðar; en aptur á móti verður hitt skipið, Waldemar, sem sýndi skjöl sín fyrst í Hafnarfirði, að komast hjá hinu hækkaða gjaldi eptir tjeðum lögum, af þeim vörum líka, sem ætlaðar eru til Reykjavíkur, því að gjaldið á hvernig sem á stendur að taka eptir þeim reglum, sem gilda þar, sem skipið sýnir fyrst skilríki sín.

Að því er snertir spurninguna um, hvernig heimta eigi tóbakstollinn, verður ráðgjafinn að fallast á álit herra landshöfðingjans.

Þetta leiði jeg eigi hjá mjer að gefa yður, herra bæjarfógeti, til þóknantlegrar vitundar.

— *Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna og landfógetans um að*

5	ljósmæðrum í	Skaptafellssýslu,
7	—	- Rangárvallasýslu,
11	—	- Árnessýslu,
12	—	- Gullbringu- og Kjósarsýslu,
5	—	- Borgarfjarðarsýslu,
1	—	- Mýrasýslu,
2	—	- Snæfellsnessýslu,
1	—	- Dalasýslu,
1	—	- Barðastrandarsýslu,
4	—	- Ísafjarðarsýslu,
1	—	- Strandasýslu,
3	—	- Húnavatnssýslu,
2	—	- Skagafjarðarsýslu,
13	—	- Eyjafjarðarsýslu,
5	—	- Þingeyjarsýslu,
3	—	- Norður- og Suðurmúlasýslum,

alls 76 ljósmæðrum sje samkvæmt tillögum landlæknisins veittur 2 kr. 63 aura styrkur hverri, af þeim 200 kr., sem konungsbrjef frá 20. júní 1766, 3. gr. skipar, að útluta skuli árlega til allra ljósmæðra hjer á landi.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um* kennslu heyrnar- og málleysingja. Ráðgjafinn fyrir Ísland hafði eptir tillögum landshöfðingja fengið samþykki kirkju- og kennslustjórnarinnar til þess, að stúlkubarninu Rebekku Sigurlínu Stefánsdóttur yrði veitt viðtaka í heyrnar- og málleysingjastofnunina í Khöfn, þótt hún væri kominn langt yfir inntökualdurinn, «ef það sje fast sótt»; en jafnframt hafði kirkju- og kennslustjórnin skýrt frá, að tjeð stofnun hafi vakið athygli á því,

75
30. júní.

76
1. júlí.

77
6. júlí.